

## 1. Starfshópur um skipulag miðbæjarins

- 1) Hvað hefur starfshópurinn hist oft frá því hann hóf störf og hvað er áætlað að hópurinn hittist oft þar til hann hefur lokið störfum?

**Svar:**

*Hópurinn hefur fundað í 16 skipti ásamt 2 íbúafundnum.*

- *14. mars samþykkti bæjarráð erindisbréf fyrir starfshópinn þar sem gert var ráð fyrir 6 fundum.*
- *20. júní samþykkti bæjarráð auka 4 fundi eftir að formaður hafi gert grein fyrir stöðunni, ásamt því að skýrslu yrði skilað til bæjarráðs 15. ágúst.*
- *15. ágúst var drögum skilað til bæjarráðs þar sem samþykkt var að setja skýrsluna í 30 daga opna kynningu fyrir bæjarbúa. Bæjarráð veitti starfshópnum heimild fyrir 2 auka fundi til að yfirfara innsendar athugasemdir og fullvinna skýrsluna.  
(Fjölmargar athugasemdir/viðbætur bárust til starfshópsins).  
Frekari skýring hér neðan.*
- *10. október samþykkti bæjarráð 6 auka fundi.*

*Drögin fengu mikil viðbrögð frá íbúum og því þótti starfshópnum bæði nauðsynlegt og sjálfsagt að skýra stöðuna og vinnuna ásamt því bregðast við kröfum og viðbrögðum bæjarbúa. Íbúafundur var haldinn þann 17. september í Bæjarbíói og annar íbúa- og vinnufundur var haldinn í Hásölum þann 19. nóvember. Búið er að vinna úr innsendum athugasemdum en starfshópurinn á eftir að fara yfir síðari íbúa- og vinnufundinn og fullklára skýrsluna. Reikna má með 1-2 fundum til viðbótar áður en endanlegri skýrslu verður skilað til bæjarráðs.*

- 2) Hver er áætlaður heildarkostnaður vegna starfshópsins, vegna a) funda og b) mögulegs annars kostnaðar?

**Svar:**

- a) *Búið er að greiða fyrir 13 fundi samtals kr. 1.728.825  
Þrjú fundir eru ógreiddir samtals kr. 429.453  
Tveir íbúafundir eru ógreiddir samtals kr. 286.302  
Samtals fundarkostnaður kr. 2.444.580 (með launatengdum gjöldum 2.905.604)  
Áætlaður kostnaður vegna tveggja funda til viðbótar samtals kr. 286.302  
Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður verði því kr. 2.730.882 (með launatengdum gjöldum 3.245.899)*
- b) *Kostnaður vegna íbúafunda um kr. 150.000 (kaffiveitingar og þjónusta).*

- 3) Hver var kostnaðurinn við a) gerð tillagna arkitektastofa að miðbæ Hafnarfjarðar og b) úttekt á tillögnum?

**Svar:**

- a) *Tillögurnar voru unnar á síðasta kjörtímabili.*
- b) *Úttekt á tillögnum lá fyrir þegar hópurinn tók til starfa*

- 4) Í erindisbréfi starfshópsins segir að hlutverk hans sé að koma með tillögur að aðferðarfræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins. Hefur hlutverki starfshópsins verið breytt? Ef svo er, hvar var sú breyting samþykkt?

**Svar:**

*Í erindisbréfinu segir:*

**„Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins. Hlutverk starfnefndar er að m.a. á grundvelli þessara gagna móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir. Til grundvallar þessarar vinnu starfshópsins skal höfð hliðsjón af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulag „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“ og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka við af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018, Skipulagsmörk hafa ekki verið ákveðin. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bættar almenningsamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæði.“**

Hlutverk starfshópsins hefur ekki tekið breytingum frá því erindisbréfi sem samþykkt var 14. mars 2019. Talsverð vinna hefur farið í að rýna hugmyndir og eiga fundi við þær þrjár stofur sem hugmyndirnar unnu. Einnig þurfti starfshópurinn að rýna gildandi deiliskipulag frá 2001, þá skilmála sem þar eru og þær breytingar sem hafa verið gerðar í tímans rás. Hópurinn hefur einnig yfirfarið gildandi skipulagsmörk. Líkt og fram kemur í erindisbréfinu er mikilvægt að horfa til þess hvernig og með hvaða hætti miðbærinn getur tengst nærliggjandi byggðum og hvernig við viljum sjá hann þróast. Þá hefur annars vegar verið horft til fyrirhugaðrar uppbyggingar á suðurhafnarsvæðinu og við Hraun vestur. Einnig liggja fyrir tillögur frá leiðarkerfishópnum og hefur starfshópurinn fundað tvisvar sinnum með fulltrúum þess hóps á tímabilinu. Ofan á þetta og að þessu sögðu hefur svo bæst vinna við gerð skýrslunnar og vinna í kringum tvo góða íbúafundi. Mikilvægt er að vanda vel til verka áður en eiginleg deiliskipulagsvinna fer af stað fyrir miðbæ Hafnarfjarðar.

Ágúst Bjarni Garðarsson formaður hópsins